

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Efni nýfunda pistils:

- Nýárskveðja
- Verkefni ársins 2022
- Verkefni ársins 2021
- COVID og aftur COVID

Nýárskveðja

Ég vil óska öllum íbúum Svalbarðsstrandarhrepps gleðilegs árs með þökk fyrir árið sem er liðið.

Á þessu ári verða sveitarstjórnarkosningar og verkefnalisti ársins ber þess merki að verið er að klára ýmis verkefni. Það bíður svo nýrrar sveitarstjórnar að leggja línur um verkefni næstu ára.

Í fyrri pistlum hef ég farið yfir sum þeirra verkefna sem verið er að vinna að en í fjárhagsáætlunavinnu fyrir árið 2022 eru um 296 milljónir áætlaðar í fjárfestingar. Þetta er óvenju há upphæð en stærsti liður er bygging parhúsa við Bakkatún 18 og 20. Við byrjum á

þeim verkefnum sem vinna á árið 2022 og fjöllum svo um helstu verkefni nýliðins árs.

Verkefni ársins 2022

Hér eru taldar upp helstu framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru árið 2022

- **Bakkatún 18 og 20:** Nú þegar eru allar íbúðir seldar en afhending er áætluð um mitt ár 2022. Mesti hluti kostnaðar vegna bygginga íbúðanna fellur á árið 2022. Afhending íbúða er áætluð um mánaðarmót maí/júní. Framkvæmdir hafa gengið vel, seinkun varð á afhendingu eininga í Bakkatúni 18 en sú seinkun hefur verið unnin upp. Íbúðirnar eru bjartar og fallegar og nýir íbúar hreppsins eiga vonandi eftir að njóta lífsins í nýju íbúðunum. Þegar þessi pistill er skrifaður er búið að ákveða að halda áfram uppbyggingu íbúða í Valsárhverfi en eftir er að ákveða gerð húsa og semja við verktaka. Ljóst er að eftirspurn er eftir húsnæði eins og því sem verið er að byggja á vegum hreppsins í Bakkatúni og vilji sveitarstjórnar er að halda áfram uppbyggingu.
- **Malbikun gatna í Valsárhverfi:** Gert er ráð fyrir að Bakkatún að húsum nr. 21 og 22 verði malbikað, auk Tjarnartúns og Borgartúns. Ljósastaurar verða settir upp við Borgartún og gangstéttir lagðar. Sveitarstjórn breytti deiliskipulagi við Bakkatún; fjölbýlishúsalóðum vestan megin götunnar var breytt í einbýli/parhúsa lóðir og raðhúsum austan megin götunnar í einbýlis/parhús. Markmiðið með þessari breytingu er að létta á umferðarpunga í fjölskylduvænu hverfi og færa þéttari byggð ofar í hverfið. Sveitarstjórn á eftir að vinna deiliskipulag fyrir annan og þriðja áfanga en rætt hefur verið um að færa fjölbýlishús í þriðja áfanga. Þannig færast fjölbýlishús nær þjóðvegi og meðfylgjandi umferð í gegnum hverfið hliðrað í austasta hluta hverfisins, næst þjóðvegi.
- **Lóðir til úthlutunar:** Vel hefur gengið að selja lóðir og í Bakkatúni eru nú um miðjan janúar 9 lóðir seldar og fjórar í Tjarnartúni. Eins og fram kom hér að ofan eru fjórar íbúðir seldar í parhúsum við Bakkatún 18 og 20. Sveitarstjórn gerir ráð fyrir að hafist verði handa við skipulagningu næsta hluta hverfisins þegar megnið af lóðunum eru seldar og líklegt að það verkefni bíði nýrrar sveitarstjórnar.



PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

- **Vinna við göngu- og hjólastíg í Vaðlareit:** Eins og íbúar og gestir hreppsins hafa orðið varið við undanfarnar vikur hefur verið góður gangur í framkvæmdum við lagningu lagna frá Vaðlaheiðargöngum að Skógarböðum í landi Ytri-Varðgjár. Framkvæmdir við stíginn að Skógarböðum hafa gengið vel og veðrið unnið með okkur. Þegar þetta er skrifað er lögnin komin um 1.8 km inn í skóginn.

Verkefnið bar brátt að, eigendur Skógarbaða settu sitt stóra og metnaðarfulla verkefni af stað í árslok 2020 og Svalbarðsstrandarhreppur í góðu samstarfi við Norðurorku hefur gert allt til þess að verkefnið geti orðið að veruleika. Þegar eigendur Skógarbaða kynntu áætlanir sínar fyrir undirritaðri fengu þau góðar móttökur en var bent á að eitt ár til hönnunar og framkvæmda væri mjög stuttur tími, sérstaklega þegar mörg sveitarfélög, stofnanir og opinber fyrirtæki komi að verkinu. Samþykkinga þurfi teikningar, samþykkinga skipulag, vinna útboð auk þess sem afla þarf leyfa, ganga frá skipulagi, hönnun, fjármögnun og samningum við landeigendur, skógrækt, Vegagerð og aðra – allt á einu ári. Þau voru kvödd með þeim orðum að Svalbarðsstrandarhreppur myndi gera allt til þess að tryggja verkefninu skjótan framgang og að vatn kæmist á leiðarenda innan þess tíma sem opnun var áætluð enda um mikið samfélagsverkefni að ræða fyrir alla íbúa svæðisins og gesti okkar.

Um leið og lagnir eru lagðar í gegnum Vaðlareit skapast tækifæri fyrir hreppinn til þess að leggja göngu- og hjólastíg en það verkefni hefur verið á áætlun síðustu árin. Sveitarstjórn hafði ákveðið að hefja hönnunavinnu á stíg frá Vaðlaheiðargöngum og að Svalbarðseyri og síðar að hreppsmörkum í norðri en þeim áætlunum var frestað þegar uppbygging Skógarbaða kallaði á framkvæmdir í syðsta hluta sveitarfélagsins. Kostnaður við lagningu stígsins er mikill og samstarf við Norðurorku tryggir að sveitarfélagið ráði við verkefnið.



LANDEIGENDUR MÆTTIR TIL AÐ SKRIFA UNDIR SAMNINGA OG TIMBUR FLUTT ÚR SKÓGI

Stofnaður var starfshópur helstu aðila sem fundaði þétt í upphafi verks og verkefnastjóri ráðinn til að halda utan um vinnuna. Hönnunar- og skipulagsvinna er tímafrek og allt skipulagsferlið flókið en með miklu og nánu samstarfi hreppsins, Norðurorku, Vegagerðar, Eyjafjarðarsveitar, Akureyrarbæjar, Verkís og Landslags náðist að sameina tvö stór verkefni, lagningu lagna og gerð göngu- og hjólastígs. Verkið var boðið út í byrjun sumars 2021, fjögur tilboð bárust í verkið og tilboði Nesbræðra var tekið.

Hér er um stórt og kostnaðarsamt verkefni að ræða og er skipting kostnaðar milli Norðurorku og Svalbarðsstrandarhrepps reiknuð út frá nákvæmri kostnaðaráætlun sem unnin er af VERKÍS. Svalbarðsstrandarhreppur er framkvæmdaaðili verksins. Landslag og VERKÍS hafa haldið utan um hönnun, framkvæmdaaætlun og kostnaðaráætlun en allt verkið er unnið í nánu samstarfi við Vegagerð.

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Vegagerðin styður lagningu göngu- og hjólastíga allt að 70% af kostnaði en til þess þarf að skila inn fullnaðarhönnun og fjárhagsáætlun og þá er hreppnum úthlutað fjármunum eftir áætlunum Vegagerðar. Þetta þýðir að Vegagerð gerir ráð fyrir þátttöku í fjármögnun stígagerðar í Svalbarðsstrandarhreppi og hefur samþykkt það, en þar á bæ er gert ráð fyrir greiðslum árið 2024 og 2025. Í millitíðinni sóttum við stuðning til Vegagerðar og sendum inn umsókn um að greiðslu yrði hraðað og þá greitt árið 2021 og í síðasta lagi árið 2022. Um leið óskar hreppurinn eftir því að vera áfram á lista Vegagerðar og tryggja þannig fjármögnun stígagerðar í norður frá Vaðlaheiðargöngum.

Fyrir jól samþykkti Vegagerðin að koma að verkefninu mun fyrr en áætlað hafði verið og greiða Svalbarðsstrandarhreppi styrk sem skiptist á milli áranna 2021 og 2022. Unnin var umsókn fyrir Uppbyggingarsjóð ferðamannastaða vegna útskota, fræðsluskilta og gerð áningarstaða á leið stígsins um Vaðlareit auk stuðnings vegna lýsingar stígs. Áfram verður sótt í sjóðinn enda mun stígurinn nýtast heimamönnum og gestum öllum hvort sem við fáum okkur göngutúr eða hjólum og njótum umhverfis. Umsókn var send í uppbyggingarsjóð SSNE undir heitinu Yndisstígur í Vaðlareit, en Svalbarðsstrandarhreppur fékk ekki úthlutun úr sjóðnum/umsókn var hafnað. Í umsókninni kom fram að stígurinn muni hvetja til ferða á sjálfbærum samgöngutækjum, tryggja aðgengi allra að ósnortinni náttúru og undraheimi skógarins, hvetur til breyttra ferðavenja og eflir menningartengda ferðapjónustu innan og utan háannar. Verkefnið nýtist öllum íbúum svæðisins, fötluðum sem ófötluðum til útivistar og að komast til og frá vinnu og skóla.

Gert er ráð fyrir að lagnir verði komnar að Skógarböðum í lok janúar. Í vor og fram á haust verður unnið að frágangi stígs og áningarstaða eftir því sem við fáum stuðning til. Verið er að vinna að hönnun áningarstaða í samstarfi við Landslag og gert er ráð fyrir að hægt verði að setjast og borða nesti, fræðast um umhverfið og njóta útsýnis.

- **Hönnun stígs frá Vaðlaheiðargöngum að Svalbarðseyri (annar áfangi) og hönnun stígs frá Svalbarðseyri að hreppsmörkum í Víkurskarði (þriðji áfangi):**

Árið 2020 hafði sveitarstjórn ákveðið að hefjast handa við hönnun leiðar göngu- og hjólastígs frá Vaðlaheiðargöngum og að Svalbarðseyri. Eins og fram kom hér að framan breyttust þessar áætlanir með tilkomu Skógarbaða. Á fundi sveitarstjórnar í byrjun janúar 2022 var ákveðið að áfangi 2 (Vaðlaheiðargöng – Svalbarðseyri) og áfangi 3 (Svalbarðseyri – hreppsmörk í Víkurskarði) yrði unnin samhliða og sem einn áfangi. Með þessu vill sveitarstjórn tryggja að sótt hafi verið til Vegagerðar um fjármögnun til verkefnisins og sú vinna bíði ekki nýrrar sveitarstjórnar. Verkefnið myndi frestast sem því nemur og með þessu yrði gert ráð fyrir að lagning stígs frá Vaðlaheiðargöngum og að Víkurskarði yrði á framkvæmdaáætlun hreppsins 2024/2025. Hér er um mikla samgöngubót að ræða og myndi auðvelda nemendum og starfsmönnum leik- og grunnskóla, foreldrum, öðrum íbúum og gestum að nýta sér aðra samgöngumáta en bíla til að komast á milli staða.

Ráðgert er að samningar við landeigendur norðan Vaðlaheiðarganga verði kláraðir árið 2022, lega stígs ákveðin og gengið frá hönnun og fjárhagsáætlun. Leitast verður við að hafa stíginn sem næst veghelgunarsvæði en staðhættir munu ráða mestu um legu. Okkur ætti ekki að vera neitt að vanbúnaði og komandi sveitarstjórnar að ákveða hvort og hvenær haldið verði áfram stígagerð.

- **Göngustígur milli Laugartúns og Smáratúns og stígur milli Bakkatúns og Valsárskóla:** Á áætlun ársins 2022 er gert ráð fyrir að lagður verði göngustígur milli Laugartúns og Smáratúns. Árið 2019 var gamli vegurinn frá Smáratúni að Borgartúni malbikaður og með gerð stígs milli Laugartúns og Smáratúns verður öryggi gangandi og hjólandi á erfiðum hluta vegarins aukið og gangandi/hjólandi umferð komið af

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

þjóðveginum. Á áætlun er að malbika stíginn milli Bakkatúns og Valsárskóla og verður malbikunarvinna skipulögð þannig að hún haldist í hendur við malbikun gatna í Valsárhverfi. Vonandi náum við að framkvæma og tryggja um leið bættan aðgang barna til og frá skóla um leið og við hin njótum bættar aðstöðu til útivistar. Í deiliskipulagi fyrir nýtt hverfi á Svalbarðseyri sem við köllum venjulega Valsárhverfi er gert ráð fyrir kerfi göngu- og hjólastíga sem eiga að tryggja aðgang nemenda og annarra að skólum. Allir tengjast svo þessir stígar við þá sem fyrir eru og hægt og örugglega eignumst við gott net stíga sem bjóða uppá fjölbreyttar leiðir til útivistar.

- **Áningarstaðir:** Á áætlun 2021 var gert ráð fyrir að helluleggja og snyrta þá áningarstaði þar sem búið er að setja bekki og ruslatunnur og vonandi náum við að klára það verkefni næsta sumar áður en haldið verður áfram í uppbyggingu göngustíga innan þéttbýlisins á Svalbarðseyri. Búið er að kaupa allt efni, bekki, ruslatunnur og hellur en eftir stendur að koma hellum á sinn stað, setja gróður við þá staði þar sem við á og ganga frá. Anja Mueller hannaði áningarstaðina fyrir hreppinn. Umhverfisnefnd hefur ákveðið að gefa einkaaðilum færi á að bjóða gestum og gangandi til sætis, merkja bekki með skilaboðum til gesta og auka þannig þægindi þeirra sem leið eiga um.
- **Lagfæring sjóvarnargarðs:** Í miklu vestan veðri í nóvember 2019 og miklum ágangi sjávar í öðrum hvellingum árið 2020 hefur varnargarðurinn frá Vitunum og norður ströndina látið á sjá. Vegagerðin er ábyrgðaraðili en Svalbarðsstrandarhreppur er þátttakandi og ber því hluta af kostnaði verksins. Verkið var boðið út og var tilboði Nesbræðra tekið. Verkið átti að vinna árið 2021 en hefur verið fært fram til ársins 2022. Svalbarðsstrandarhreppur lagfærði garðinn við Tungutjörn eftir áhlaupið 2019 þar sem rof var komið í garðinn. Í þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru vorið 2022 verður gert ráð fyrir rás í gegnum garðinn þannig að kajakræðarar og þeir sem vilja leggja leið sína í fjöruna við gamla gróðurtippinn í Borgartúni eigi greiða leið að sjó. Ungmennafélagið Æskan hefur áform um að byggja upp hjólabraut á og við gamla gróðurtippinn og smátt og smátt náum við að byggja upp gott svæði til útivistar á svæðinu – hjólabraut, aðstöðu fyrir kajaka, styttri og lengri gönguleiðir með bekkjum þar sem hægt verður að staldra við og njóta umhverfisins.
- **Leiksvæði Álfaborgar, seinni áfangi á leiksvæði eldri barna:** Þriðji áfangi í lagfæringu leiksvæðis Álfaborgar. Árið 2022 er gert ráð fyrir að svæðið í kringum sandkassa og hjólabrautina sem liggur upp fyrir sandkassann og að svæðinu sem gamli kastalinn stóð, verði lagfærð. Landslag hefur aðstoðað við hönnun svæðisins fyrir eldri nemendur en Anja Mueller hannaði leiksvæði nemenda á ungbarnadeild. Verkinu er skipt í þrjá áfanga og áætlað að verklok verði sumarið 2022. Tréð sem vex svo fallega fyrir ofan sandkassann er að valda okkur erfiðleikum á hjólabraut barna með rótarskotum sem eyðileggja malbikið með tilheyrandi hættu á biltum. Þegar þessum áfanga er lokið ætti útisvæði nemenda og kennara að standast væntingar notenda. Í framhaldinu þarf svo að fara að huga að lagfæringum innan leikskólans. Eldhús skólans, salerni og vistarverur nemenda þarf að endurnýja en lokið hefur verið við að lagfæra aðstöðu starfsmanna.
- **Loftræstikerfi sett upp í Valsárskóla:** Verkfræðifyrirtækið EFLA hefur aðstoðað okkur við að bæta loftgæði í Valsárskóla. Mygla mældist á nokkrum stöðum í byggingunni sem búið er að hreinsa og unnið að hönnun loftræstikerfis. Gert er ráð fyrir að verkið verði boðið á næstu vikum og verklok verði áætluð í byrjun hausts. Fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir að jólafrí yrði nýtt til að vinna grófa vinnu vegna loftræstikerfis en þar sem lengri tíma þurfti í hönnun/fjárhagsáætlun og seinna útboð verksins hefur verið ákveðið að færa þá vinnu fram að páskafrí og gert ráð fyrir að loftræstikerfi verði komið upp fyrir mitt sumar. Áður hefur starfsaðstaða kennara verið lagfærð og kaffistofa endurnýjuð.

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

- Skrifstofa Svalbarðsstrandarhrepps:** Auk þessara framkvæmda höldum við áfram að yfirfara samþykktir, reglur og reglugerðir sveitarfélagsins. Í haust voru samþykkt lög á Alþingi: lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þessi nýju lög kalla á endurskoðun aðgangs barna og foreldra að þeirri þjónustu sem á að tryggja skipulagða og samþætta þjónustu, þjónustu sem hefur það að markmiði að tryggja farsæld barna. Þessi breyting á eftir að sjást í starfi bæði leik- og grunnskóla en Svalbarðsstrandarhreppur er með samning við Akureyrarbæ sem kemur til með að halda utanum innleiðingu þessara breytinga. Undanfarin ár hefur Svalbarðsstrandarhreppur verið að vinna að innleiðingu (sem lauk árið 2020) og vottun á jafnlaunavottun en þeirri vinnu lýkur á fyrri hluta árs. Vinna við hönnun göngu- og hjólastígs, annars áfanga og frágang þess hluta sem þegar hefur verið lagður á eftir að standa yfir allt árið 2022. Sveitarstjórn hefur ákveðið að framlengja ráðningu verkefnastjóra enda stór verkefni framundan. Nýjar innkaupareglur hafa verið settar og gert er ráð fyrir að á vormánuðum samþykki sveitarstjórn reglur um vinnu fjárhagsáætlunar með það að markmiði að vinnan verði markvissari og hefjist fyrr en verið hefur.
- Loflagsstefna:** Verið er að vinna að endurskoðun Umhverfisstefnu Svalbarðsstrandarhrepps og gert er ráð fyrir að Loflagsstefna, sem er lögbundin stefna, verði unnin samhliða endurskoðun á umhverfisstefnu og hluti hennar.
- Barnvænt samfélag:** Sveitarfélagið vinnur að innleiðingu verkefnisins Barnvænt samfélag og heldur sú vinna áfram árið 2022.
- Deiliskipulag Svalbarðseyri:** Gert er ráð fyrir að deiliskipulagsvinna fyrir Smáratún og Laugartún verði afgreidd af sveitarstjórn á vormánuðum.
- Endurskoðun aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps:** Unnið hefur verið að endurskoðun aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps á kjörtímabilinu og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á næsta kjörtímabili. Byggðin í syðsta hluta sveitarfélagsins er að þéttast og teygir sig til norðurs, hugmyndir eru uppi um uppbyggingu þjónustu fyrir ferðamenn í næsta nágrenni Vaðlaheiðargangna og á Svalbarðseyri er svæði sem hugsað er til atvinnureksturs sem eftir er að skipuleggja.
- Endurskoðun Valsárhverfis, 2 og 3 áfangi:** Sveitarstjórn mun hefja vinnu við undirbúning 2. og 3. áfanga nýs hverfis með endurskoðun á deiliskipulagi.
- Embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar:** Embættið er rekið í samstarfi Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Grýtubakkahrepps og Hörgársveitar. Tveir starfsmenn starfa hjá embættinu í 1,7 stöðugildum. Aukin umsvif hafa verið hjá embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar og gert er ráð fyrir að ráðinn verði starfsmaður til embættisins og stöðugildi verði þá 2,5. Á næstunni eru fyrirhugaðar stórar framkvæmdir hjá öllum aðildarsveitarfélögum auk þess sem verið er að endurskoða aðalskipulag flestra, þar með talið Svalbarðsstrandarhrepps. Lokið hefur verið við að setja teikningar á síðuna map.is/eyjafordur og þar geta notendur skoðað teikningar húsa, sumarbústaða, íbúðarhúsa, upplýsingar um deiliskipulag, aðalskipulag.

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Verkefni ársins 2021

- Valsárskóli:** Sumarið 2021 var haldið áfram með endurbætur á húsnæði Valsárskóla og verkefnið áframhald viðgerða sem hófust vorið 2020. Leitað var til verkfræðifyrirtækisins EFLU og gerð athugun á gróf/myglu í rýmum skólans og unnið að hönnun, teikningu og útboðsgögnum fyrir loftræstikerfi. Gert er ráð fyrir að loftræstikerfi verði sett upp næstkomandi vor. Mygla fannst í nokkrum rýmum og hafa þau svæði verið hreinsuð, húsgögnum hent og öðru sem tengdist þessum rýmum. Á undanförunum árum hefur þannig verið unnið að lagfæringum á starfsaðstöðu kennara, kaffistofu kennara, Dropa (aðstöðu sérkennara), bókasafni, forstofu nemenda og þaki. Viðhaldi verður að sinna jafnt og þétt en undanfarin ár hefur viðhaldsþörf safnast upp og gert er ráð fyrir að því verði sinnt eftir forgangs röðun næstu ár.
- Valsárskóli:** Innandyra var farið í miklar lagfæringar sumarið 2020 og aðstaða starfsmanna bætt auk þess sem áhöld og húsbúnaður var endurnýjaður að hluta. Síðastliðið sumar var hreinsað út úr bókasafninu og því miður þurfti að henda bæði innréttingum og bókakosti. Safnið verður byggt upp næstu misserin.
- Álfaborg:** Síðsumars var hafist handa við að setja upp útikastala á leikskólalóðinni og eftir langa bið lauk þeirri vinnu loksins í nóvember og vígðu nemendur og starfsmenn leikskólans kastalann við hátíðlega athöfn. Fyrir framan kastalann voru settir bekkir sem nýtast sem áheyrastúka þegar settir eru upp viðburðir á leikskólalóðinni. Mikil vinna fólst í jarðvegsskiptum auk þess sem lýsing á svæðinu var bætt. Fyrirtækið Landslag aðstoðaði við hönnun svæðisins og verður vinnu haldið áfram á lóð leikskólans í sumar.
- Tímahylkið:** Sýningin Tímahylkið var opnuð við hátíðlega athöfn síðastliðið haust. Sýningin var samstarfsverkefni starfsmanna og nemenda Valsárskóla, Safnasafnsins, Minjasafnsins á Akureyri og Svalbarðsstrandarhrepps. Nemendur unnu listaverk, skrifuðu frásagnir og söfnuðu munum sem voru til sýnis á sýningunni en rötuðu jafnframt í stóran kassa - Tímahylki sem geymdur verður á Minjasafninu á Akureyri. Tímahylkið verður opnað þegar núverandi nemendur verða orðnir fullorðnir og geta rifjað upp þessa furðulegu tíma sem COVID-19 hefur skapað. Forseti Íslands heimsótti sýninguna og skoðaði undir leiðsögn nemenda, myndir voru teknar og greinilegt að forsetanum fannst mikið til vinnu nemenda koma.




NÖFN ALLRA NEMENDA Í ÁLFABORG
OG VALSÁRSKÓLA ER AÐ Í HRINGNUM

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Forsetinn ásamt Ölmú Möller, landlækni, Braga Valdimar skáldi og orðsins manni og Smára McCarthy alþingismanni skrifuðu orðsendingar til nemenda sem rötuðu í sýningarskrá og að lokum í Tímahylkið sjálft. Sýningin fékk góða umfjöllun í fjölmiðlum og ekki minnkaði athyglin þegar forsetinn þurfti að fara í sóttkví ásamt starfsmönnum og nemendum Valsárskóla eftir heimsóknina.



- Tímahylkið:** Tímarit sem kallast Tímahylkið hefur verið gefið út og birt á heimasíðu hreppsins frá upphafi COVID-19 í byrjun árs 2020. Sýningin Tímahylkið er afrakstur þeirrar vinnu sem hófst með tímaritinu þar sem nemendur og starfsmenn leik- og grunnskóla ásamt íbúum Svalbarðsstrandarhrepps lögðu saman í púkk og útkoman er skemmtilegt tímarit sem endurspeglar mannlífið á Svalbarðsströnd í COVID.
- COVID-19:** hefur sett mikinn svip á allt starf á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps. Fundir urðu flestir rafrænir, sveitarstjórn hittist á tímabili í netheimum og heimsóknir á skrifstofu hreppsins voru takmarkaðar. Fundum hefur fjölgað á tímum COVID, stjórnendur hreppsins funda daglega þegar neyðarástand ríkir, sveitarfélög eru dugleg að funda og bera saman bækur um stöðu mála og leiðir til að takast á við miklar áskoranir. Verkefnum hefur ekki fækkað og fjölgar frekar en hitt og stór verkefni hafa einkennt síðustu ár. Gatnagerð í Bakkatúni með tilheyrandi útboði, bygging tveggja parhúsa í Bakkatúni og val á verktökum, endurskoðun aðalskipulags og gerð deiliskipulags, samþykktir nefnda sveitarstjórnar voru samþykktar auk þess sem samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps var samþykkt. Mikið átak hefur verið unnið í að uppfæra samþykktir og reglur hreppsins undanfarin ár og þær má nálgast á heimasíðu hreppsins.
- Undirbúningur göngu- og hjólastígs:** var fyrirferðarmikill í starfi ársins 2021. Í upphafi verks var stofnaður samráðshópur með fulltrúum Vegagerðar, Norðurorku, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Akureyrarbæjar, Landslags og VERKÍS. Þessi hópur vann þétt saman í upphafi og hefur þetta samstarf skipt sköpum fyrir framgang verksins. Samið var við landeigendur vegna þess

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

lands sem fer undir göngu- og hjólastíg og samið var við Skógræktarfélag Eyfirðinga um bætur vegna trjáa sem því miður þurftu að víkja fyrir stígnum. Skógræktarfélagið tók að sér utanumhald vegna grisjunar skógarins og fórst þeim það verk vel úr hendi. Einvala hópur skógarhöggsmanna var fenginn til verksins og undirrituð fékk inngöngu í þann fámenna en góðmenna hóp.

Framkvæmdir hófust seinna en vonir stóðu til en hafa gengið mjög vel. Veðráttan hefur unnið með okkur og lítið um erfið veður. Undir lok ársins bárust svo gleðileg tíðindi frá Vegagerð þar sem ákveðið var að flýta greiðslum styrks sem áætlað var að greiða eftir nokkur ár og fékkst styrkurinn greiddur fyrir hönnun og framkvæmd ársins 2021 og framkvæmd og frágangi árið 2022.

Verkefnastjóri var ráðinn til þess að halda utan um þetta stóra verkefni. Þórunn Sif Harðardóttir tók við sem verkefnastjóri af Önnu Karen Úlfarsdóttur í lok sumars og mun fylgja verkinu fram á næsta vor hið minnsta. Verkið var boðið út í byrjun sumars og samið var við Nesbræður. Íbúar hreppsins hafa getað fylgst með framkvæmdum og um tíma reyndi mold á þjóðvegnum á þolinmæði íbúa og gesta. Allt horfir þetta til betri vegar og stígurinn farinn að taka á sig mynd.



TÍÐIN HEFUR VERIÐ VERKEFNINU HLÍÐHOLL OG Í BYRJUN JANÚAR MÁTTI SJÁ AÐ HIÓLREIÐAMENN GRÍPA TÆKIFÆRIÐ ÞEGAR HELGARFRÍ ER HJÁ VERKTÖKUM

- **Bygging parhúsa við Bakkatún nr. 18 og nr. 20:** Óskað var eftir tilboðum vegna byggingar parhúsa við Bakkatún. Upphaflega var ákveðið að byggja eitt parhús en seinna ákveðið að byggja tvö parhús og sitthvor verktakinn fenginn til verksins. Í Bakkatúni 18 er verktakinn Sigurgeir Svavarsson og í Bakkatúni 20 er verktakinn Jón Stefánsson. Áður hafði hreppurinn byggt tvö parhús við Tjarnartún og seldust tvær íbúðir í þeim húsum árið 2021 auk þess sem íbúð hreppsins í Laugartúni 5 var seld.



FRAMKVÆMDIR Í BAKKATÚNI NR. 18 OG NR. 20

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

- **Sameiningarmál:** Svalbarðsstrandarhreppur tók þátt í samstarfi minni sveitarfélaga vegna ákvæða í lögum sem stóð til að setja um lágmarks íbúafjölda sveitarfélaga. Á sama tíma hefur sveitarfélagið unnið að fýsileikakönnun um sameiningu við nágrannasveitarfélög, eitt eða fleiri. Ljóst er að sveitarstjórnarstigið stendur frammi fyrir sí auknum verkefnum sem færð eru frá ríki til sveitarfélaga og mikilvægt að fjárhagur fylgi þeim verkefnum. Sveitarstjórn er ekki samþykkt þvinguðum sameiningum en um leið er mikilvægt að greina hvaða kosti hreppurinn hefur til að tryggja blómlegt líf á Ströndinni.
- **Tónlistarskóli Eyjafjarðar:** tók yfir tónlistarkennslu nemenda í Valsárskóla og Álfaborg. Samstarfið hefur farið vel af stað en eins og viðbúið er þarf að fínstilla og móta nýtt samstarf eins og þetta. Með samstarfi við Tónlistarskóla Eyjafjarðar á að auka valmöguleika nemenda og tækifæri til náms eftir að grunnskóla lýkur.

- **Útiskóli að sumri:** Mikið og gott samstarf var milli Æskunnar og sveitarfélagsins síðastliðið sumar. Boðið var uppá fjölbreytt námskeið fyrir börn og nutum við öll afraksturs sumarstarfsins t.d. í skógarreit við Safnasafnið þar sem ungir og upprennandi smiðir smíðuðu brú yfir Valsá undir dyggri aðstoð fagmanns. Boðið var upp á íþróttæfingar, smíðanámskeið, sirkusnámskeið, skátanámskeið, útiveru og listsköpun svo eitthvað sé nefnt.



NÁMSKEIÐ HÚLLADÓLLU

- **Fjallahjólabraut:** Ungmennafélagið Æskan hefur óskað eftir aðstöðu fyrir fjallahjólabraut á svæðinu fyrir aftan gamla gróðurteppinn við Borgartún. Gert er ráð fyrir að mold sem flutt var á svæðið þegar grunnar voru teknir fyrir húsin í Bakkatúni 18 og 20 nýtist í þessari uppbyggingu sem Æskan nær vonandi að fara í á næstu mánuðum. Æskan hefur hlotið viðurkenningu fyrir þetta metnaðarfulla starf.

- **Bókasafnsnefnd:** óskaði eftir auknu starfshlutfalli bókavarðar á bókasafn. Sveitarstjórn fagnaði tillögunni og ákveðið var að ráða Ingu Árnadóttur til verksins. Fyrir jólin var boðið upp á lestur jólabóka en COVID hefur sett mark sitt á starf bókasafns og ekki náðst að halda þá fjölmörgu viðburði sem halda átti. Vonandi fáum við tækifæri á nýju ári til að nýta bókasafnið og það sem það hefur uppá að bjóða. Aðsókn að bókasafninu er góð og reglulega koma nýjar bækur í hillurnar.



INGA Á BÓKASAFNINU

- **Samvera íbúa:** sveitarstjórn hefur samþykkt aukna opnun á bókasafni og að íþróttahúsið yrði opnað öllum íbúum, einn laugardag í mánuði þar sem boðið yrði upp á joga undir handleiðslu Hörpu Barkardóttur, bókasafn yrði opið á sama tíma. Það er með þetta eins og annað sem verður fyrir fjöldatakmörkunum sem fylgja COVID að þessu verkefni hefur verið frestað. Til stendur að gera tilraun til þess að bjóða íbúum á öllum aldri til jóga-iðkunar og kaffisopa á bókasafninu um leið og færi gefst.

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

- **Deiliskipulag:** Fjöldmörg deiliskipulagsmál komu á borð sveitarstjórnar á síðasta ári. Embætti skipulags- og byggingarfulltrúa hefur vaxið með auknum fjölda verkefna eins og áður segir, bæði í Svalbarðsstrandarhreppi og öðrum sveitarfélögum sem standa að rekstri byggðasalagsins. Fyrirséð er að á næstu árum mun umfang embættisins vaxa enda fjöldi verkefna í farvatninu, stór hótellbygging í Grýtubakkahreppi, mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis í sveitarfélögunum fjórum auk vinnu við deili/aðalskipulag. Landeigendur í syðsta hluta sveitarfélagsins hafa verið að skila deiliskipulagi fyrir íbúða- og frístundalóðir auk þess sem lóðir eru til sölu í nýju hverfi á Svalbarðseyri. Vonandi heldur þessi uppbygging áfram næstu árin með tilheyrandi fjölgun íbúa.

• COVID og aftur COVID

Og svo er það þetta fj..... COVID


Hér hafa verið talin upp helstu verkefni ársins sem er að líða um leið og farið er yfir verkefni ársins 2022. Sveitarstjórnarkosningar verða um miðjan maí og eins og áður lofa ég bót og betrun þegar kemur að því að skrifa pistla. Einn loka pistill mun birtast í mars þar sem farið verður yfir rekstur sveitarfélagsins á kjörtímabilinu og fjárfestingar liðinna ára.

Vonandi veitir þessi pistill og fyrri pistlar innsýn í þau verkefni sem við erum að vinna að hér í sveitarfélaginu. Verkefnin eru fjölbreytt en COVID hefur haft mikil áhrif á allt okkar umhverfi. Flestir fundir hafa verið haldnir á TEAMS og fundahaldi fjölgað til muna eftir að COVID skall á. Viðbragðsteymi var virkjað hér innan hreppsins og þegar mestar hömlur eru á skólastarfi og samgangi milli vinnustaða höfum við fundað á hverjum degi, farið yfir stöðuna og skipulagt framhaldið. Almannaþingarteymi svæðisins fundar reglulega með heilbrigðiskerfinu, löggæslu og sveitarfélögum og sveitarstjórar bera saman bækur. Sveitarstjórn hefur reynt eins og hægt er að funda á skrifstofu hreppsins en komið hafa tímabil þar sem fundað er á TEAMS. COVID hefur ekki hægt á öðrum verkefnum sem unnin eru innan sveitarfélagsins og samstarf sveitarfélaga hefur verið öflugt. Við erum orðin snillingar í að funda í gegnum tölvur – eða það finnst okkur hér á skrifstofunni og við eigum enn fyrsta fundinn þar sem við Svala í Valsárskóla vorum að prófa okkur áfram með að hittast á netinu, með Ara hennar Svölu á hliðarlínunni hlæjandi yfir vandræðaganginum á okkur. En svo getur þetta orðið of mikið af einveru og fjarlægð milli manna, við getum ekki beðið eftir að geta hitt okkar nánustu, skellt okkur á þorablót, haldið Bryggjuhátíð, jólamarkað, farið á tónleika eða bara haldið almennilegt party.

Vonandi náum við að losna undan þessari óværu og færa lífið okkar nær því sem við munum áður en tími samkomutakmarkana skall á okkur. Vonandi getum við horft til baka og dregið lærdóm af því sem við höfum gengið í gegnum. Og vonandi eigum við eftir að koma sterk og samheldin út úr þessari þrautagöngu. Það eru forréttindi að fá að búa í samfélagi eins og við höfum byggt upp hér á Íslandi en COVID hefur sýnt okkur að við verðum að gera betur og vera betur undirbúin fyrir næstu holskeflu.



Hér fylgir krossgáta sem gerð var úr orðunum sem Bragi Valdimar Skúlason talaði um í grein sinni í Tímahylninu að væru orðin orð sem við þekkjum alltof vel, orð sem við hefðum sennilega þurft að fá útskýringu á fyrir nokkrum árum síðan. Að lokum fylgja myndirnar úr pistlinum í góðri stærð.



Með kærri kveðju
Björg Erlingsdóttir

03.02.2022

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir



NEMENDUR LEIKSKÓLA VELJA SÉR FERÐAMÁTA EFTIR VEDRI



03.02.2022

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS




Björg Erlingsdóttir



03.02.2022

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Björg Erlingsdóttir



FRAMKVÆMDIR Í BAKKATÚNI NR. 18 OG NR. 20



LANDEIGENDUR MÆTTIR TIL AÐ SKRIFA UNDIR SAMNINGA OG TIMBUR FLUTT ÚR SKÓGI



03.02.2022

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir



TÍÐIN HEFUR VERIÐ VERKEFNINU HLIÐHOLL OG Í BYRJUN JANÚAR MÁTTI SJÁ AÐ HJÓLREIÐAMENN GRÍPA TÆKIFÆRIÐ ÞEGAR HELGARFRÍ ER HJÁ VERKTÖKUM



FORSETINN OKKAR HEIMSÓTTI SÝNINGUNA OG NEMENDUR

03.02.2022


PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir



TÍMAHYLKID Í SAFNASAFNINU



FORSETINN FÉKK LEIDSÖGN UM SÝNINGUNA OG FULTRÚI NEMENDA MÆTTI Í VIÐTAL HJÁ N4



03.02.2022

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir



NÁMSKEIÐ HÚLLADÚLLU



INGA Á BÓKASAFNINU

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Tímahylkið í tíð kórónuveirunnar

Sýning í Safnasafninu 18.09.–03.10.2021



Verið velkomin á opnun
sýningarinnar, laugardaginn
18. september klukkan 13:00.

Sýningin er uppskera samstarfs Svalbarðs
Safnasafnsins, leikskólans Álfaborgar, Vals,
sveitarfélagsins. Á sýningunni eru verk neme,
út frá upplifum þeirra á áhrifum COVID-19 á dag.
Afkrastri verkefnisins, ljósmyndum og teikningu.
hlutum, textum og persónulegum munum, verður,
sérsmíðað Tímahylki. Hylkið verður því næst innsl.
í Minjasafninu á Akureyri til ársins 2021. Þá verður þac.
hátíðlega athöfn að viðstöddum þeim sem lögðu til efr.



Ókeypis aðgangur
Viðburður eru auglýstir á www.svalbardsstrand.is
Óþið daglega frá klukkan 13:00-16:00



Svalbarðsstrandarhreppur, Leikskólinn Álfaborg, Valskóli, Samstarfsráðgjafi Svalbarðs, Sammenhengsmenningar, Menningarshúsið á Akureyri

NÖFN ALLRA NEMENDA Í ÁLFABORG
OG VALSÁRSKÓLA ER AÐ Í HRINGNUM

03.02.2022


PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir



NOKKRAR MYNDIR FRÁ LIÐNU ÁRI



03.02.2022

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Björg Erlingsdóttir

